

Dillum okkur í skjóli valdsins

Ólafur Páll Jónsson
prófessor í heimspeki á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

birt í Kjarnanaum 17. apríl 2018
(<https://kjarninn.is/skodun/2018-04-16-dillum-okkur-i-skjoli-valdsins/>)

Stjórnsmál snúast um að finna samlífi fólks farveg þar sem réttlæti ræður för. Skoðanir á því hvað sé réttlátt eru vitanlega misjafnar, fólk greinir líka á um hvaða reglur séu heppilegar eða hvar sé brýnast að hefjast handa. Þess vegna eru stjórnsmál líka vettvangur ágreinings og átaka. En átök í stjórnsmálum eru ekki leyst með hnefaréttinum – að minnsta kosti ekki ótempruðum. Því miður eru stjórnsmálin takmörkuð við nærumhverfi einstakra ríkja og nokkurra afmarkaðra ríkjasambanda. Á alþjóðavettvanginum eru stjórnsmál ekki til. Þar ræður hnefarétturinn; sá sem er með stærsta hnefann, krepptan og reiddan til höggs, hann ræður.

Stjórnsmál á Íslandi

Stjórnsmál urðu til þegar hinir völdugu fáu, hinir sterku, gátu ekki lengur farið sínu fram í krafti aflsmunar og þurftu að hlusta á hina undirsettu, fjöldann. Þegar hinn sterki ræður í krafti eigin máttar er ekkert til sem kalla má réttlæti eða ranglæti. Þá er enginn munur á því sem hinn sterki *getur* gert og því sem hann *má* gera. Hann gerir bara það sem honum sýnist. Þegar landnemarnir á Íslandi ákváðu að stofna Alþingi og setja sér lög, ákváðu þeir að leggja stund á stjórnsmál. Í þrjár aldir eða svo gekk það fyrirkomulag ágætlega, en svo brast kerfið, sundrunin tók við og stjórnsmálin runnu út í sandinn. Óheft valdbeiting tók við af valdabaráttu sem háð var innan ramma laga. Hinn sterki tók sér það vald sem hann hafði og lögin hættu að vera viðmið um rétt og rangt. Í stað stjórnsmála kom hrein valdabarátta; réttur vék fyrir mætti. Síðan þá höfum við náð að endurreisa stjórnsmálin og búum nú við einhvers konar sambland af valdbeitingu í þágu sérhagsmuna og samræðu um hvað horfi til réttlætis og sameiginlegra heilla.

Stjórnsmál eru sameiginleg viðleitni fólks til að koma skipan á sameiginlegt líf. Mikilvægasta tækið til þeirra verka eru lög og þess vegna einkennir það lýðræðisríki að þar er stjórnað með lögum og í krafti laga. Vissulega eru skiptar skoðanir um hvað sé yfirleitt til heilla og hvar mörkin liggi á milli hins einstaklingsbundna eða persónulega annars vegar og hins almenna eða sameiginleg hins vegar. Sá ágreiningur birtist m.a. í ágreiningi hægri og vinstri í stjórnsmálum. Slíkur ágreiningur er hins vegar einungis mögulegur innan ramma stjórnsmála; einungis innan slíks ramma er yfirleitt eitthvert vit í því að takast á um ólíkar stefnur. Þar sem mátturinn einn ríkir hafa andstæður hægri og vinstri enga merkingu, þar takast á „við“ og „þið“, „með“ og „á móti“.

Stjórnsmálin og heimurinn

Stundum lætur fólk eins og til sé eitthvað sem kalla mætti alþjóðastjórnsmál. Háskólar bjóða jafnvel upp á nám undir þessari yfirskrift. Sannleikurinn er hins vegar sá að á hinum alþjóðlega vettvangi er ekki að finna neitt sem verðskuldar það nafn. Vissulega á sér stað samræða um hvað horfi til

almannaheilla, til dæmis á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, en þegar til kastanna kemur er það mátturinn sem blífur. Þar er ekki spurt um réttlæti, hvað þá siðferði, heldur er mantran þessi: *Ég, um mig, frá mér, til mín*. Hinir stóru og sterku fara sínu fram, hinir litlu og vanmáttugu spila með eins og hagfelldast virðist hverju sinni.

Í seinni heimstyrjöldinni giltu engin lög. Eftir að friður komst á varð fyrsta verk nokkurra öflugra þjóða að stofna alþjóðleg samtök og semja [mannréttindayfirlýsingu](#) sem öll ríki skyldu vera bundin af. Í Mannréttindayfirlýsingunni birtist hugsjón um að skapa forsendur stjórn mála meðal þjóða heims. Íslendingar tóku þátt og skrifuðu undir þessa yfirlýsingu. Seinna komu aðrar yfirlýsingar og Íslendingar skrifuðu líka undir sumar þeirra, t.d. Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Fleiri samtök voru líka stofnuð, að sögn til að tryggja friðinn vera vettvangur samtals um heill heimsins. Íslendingar gengu í ein af þessum samtökum, NATO. Fleira var gert, t.d. stofnuðu nokkrar þjóðir Evrópu með sér samband sem skyldi vera rammi utan um sameiginlegt líf fólks í Evrópu, bæði á sviði viðskipta og stjórn mála. Þetta var upphafið af því sem kalla mætti Evrópustjórn mála en er vitanlega ekki alþjóðastjórn mála, því í Evrópu er bara lítið brot af ríkjum heimsins (ég forðast orðið „alþjóðasamfélag“ vegna þess að ekkert slíkt samfélag er til).

Samtök sem þessi, í hvaða heimsálfu sem er, með stofnanir eins og Alþjóðabankann og Alþjóða gjaldeyrissjóðinn á hliðarlínunni (eða kannski í vítateignum miðjum), halda fundi, semja reglur, gera samninga og láta eins og í gangi sé eitthvað sem kalla mætti alþjóðastjórn mála. Eflaust trúa margir því að slík stjórn mála séu til og séu stunduð af fullum krafti á hverjum degi. Og á góðum degi gæti maður látið blekkjast. Á góðum degi gæti maður t.d. næstum haldið að NATO væri til að stuðla að friði innan ramma laga og reglna. En svo er hulunni svipt af. Hjá okkur, hér á þessu kalda landi gerðist það með óvæntum hætti. Fréttir bárust af því að Haukur Hilmarsson hefði líklega fallið í loftárásu NATO-þjóðar í Afrín héraði í norð-vestur Sýrlandi.

Stríð og ofbeldi í hæfilegri fjarlægð eru svo hversdagslegir hlutir að flest erum við hætt að kippa okkur upp við það. Sem betur fer ekki öll, en því miður flest. Tölur af mannfalli eru lítið annað en þetta – tölur. Litlu breytir þótt tölunum fylgdi sundurliðun sem gefur til kynna að flestir hinna föllnu séu óbreyttir borgarar, ekki síst börn. Í stríði eru börn og óbreyttir borgarar bara fórnarkostnaður, ef þau eru þá kostnaður á annað borð. En fréttirnar af Hauki settu ófriðinn sem geisað hefur í Sýrlandi allt í einu í nýtt samhengi. Margir muna eflaust eftir því þegar Haukur dró Bónus-fána að húni á Alþingishúsinu einn laugardag í nóvember 2008 í aðdraganda búsáholdabyltingarinnar. Hann naut virðingar fyrir þessa snjöllu og djörfu ádeilu. Og nú var hann sumsé komin suður í lítið hérað í norð-vestur hluta Sýrlands að berjast með Kúrdum fyrir sjálfstæði, eða að minnsta kosti gegn frekari yfirgangi. Þegar maður kynnir sér málstaðinn er ekki erfitt að skilja hvers vegna Haukur hafi einmitt verið Kúrda megin víglínunnar í Afrín-héraði (sjá t.d. [grein Steindórs Grétars Jónssonar](#) og [grein Illuga Jökulssonar](#) í Stundinn).

Innrás Tyrkja inn í Afrín-hérað er eflaust upphaf af lítilsháttar þjóðarmorði. Á Vesturlöndum láta stjórnvöld sér samt fátt um finnast enda líta þau ekki á sjálfstæði Kúrda sem heppilegt fyrirkomulag. Ekki frekar en að sjálfstæði Palestínu þyki heppilegt. Þar er baráttan reyndar ekki bara fyrir sjálfstæði heldur fyrir því að losna undan hersetu. Palestína hefur verið hersetin af Ísrael í meira en 50 ár – með samþykki allra stjórnvalda á Vesturlöndum, og beinum stuðningi margra. (Á sama tíma og ég hripa niður þessar línur birtist [frétt um að framlag Íslands til Eurovision 2018 verði flutt á stórum tónleikum í Tel Aviv](#). Í fréttinni er vitnað í flytjandann sem segir: „Þetta er eiginlega eins og

fjölskylda, það eru allir orðnir ofboðslega miklir vinir. Það er hlegið mjög mikið! Þetta er yndislegt fólk sem er með sömu áhugamál og ég og sömu skoðanir um lífið og tilveruna.“)

Stjórnmal sem undantekning – og undantekningin frá stjórnmalum

Þegar horft er yfir svið heimsins má segja að stjórnmal séu undantekningin. Kannski er þessum undantekningum að fjölga smátt og smátt – ég man þá tíð að Suður-Ameríka var undirlögð af einræðisherrum og herstjórnnum. Þótt ástandið þar sé með ýmsu móti má samt segja að þar séu nú stunduð stjórnmal. Á alþjóðavettvanginum skánar ástandið hins vegar hægt, ef því fer hreinlega ekki hnignandi. Kannski var stærsta bakslagið í viðleitni ríkja heims til að stunda stjórnmal sín á milli þegar Bandaríkin hófu stríð gegn hryðjuverkum eftir árásirnar 11. september 2001. Þetta stríð byggði á þeirri forsendu að gegn hryðjuverkamönnum væri allt leyfilegt. Þar giltu engar reglur, hvorki reglur friðar né stríðs. Og svo var það auðvitað Bandaríkjanna sjálfra að dæma um hverjir væru hryðjuverkamenn.

Og nú hefur fjöldi annarra ríkja tekið upp þetta öflugna tromp: Stríð gegn hryðjuverkum. Fyrst skilgreindir maður hverjir eru hryðjuverkamenn (og um það hefur maður sjálfðæmi), og svo er þeim eytt með hvaða aðferðum sem er. Við sjáum þetta í Jemen, Afganistan, Palestínu og þetta var trompið sem Tyrkir spiluðu út þegar þeir réðust inn í Afrín. Það mátti einu gilda þótt hersveitir Kúrda hafi áður verið bandamenn Bandaríkjanna (og studdir af fleiri þjóðum á Vesturlöndum, jafnvel líka Katar og Ísrael) í baráttunni við hið svokallað Íslamska ríki. Með því að kalla hersveitir Kúrda hryðjuverkamenn varð allt leyfilegt. Í ástandi þar sem allt er leyfilegt ríkir mátturinn einn og stjórnmal eru ekki annað en fjarlægur draumur. Hrein fásinna. Mannréttindi skipta engu máli, því rétturinn til valdsins er hið eina sem blífur.

Þannig hefur stríðið gegn hryðjuverkum verið stríð gegn stjórnmalum. Og hinir sterku – hinir máttugu handhafar valdsins – vinna skipulega að því að viðhalda þessu stríði gegn stjórnmalum enda eru stjórnmalin helsta ógnin við vald þeirra. Á fyrirlestri í Háskóla Íslands í janúar 2017 sagði Magnús Þorkell Bernharðsson m.a.: [„Það er ekkert sem bendir til þess að þessu stríði muni ljúka á þessu ári eða á næstu árum. Það sem við sjáum fram á er í raun og veru óendanlegt stríð á þessu svæði, af því að það er mjög fátt sem hvetur fólk til þess að semja um frið“](#). Og nú liðlega ári seinna er ekkert sem bendir til þess að hann hafi ekki haft rétt fyrir sér. Því miður.

Nú horfum við upp á blossandi stríð gegn stjórnmalum í Sírlandi, líka í Palestínu, Jemen og víðar. Smáríki eins og Ísland á allt sitt undir því að á vettvangi ríkja heims sé möguleiki á stjórnmalum. Því miður hafa íslensk stjórnvöld verið ötulli við að þjóna valdinu en að treysta forsendur stjórnála. Augljósust var þjónkunin við valdið þegar Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson settu Ísland á lista hinna viljugu þjóða. En hvenær sem Ísland ypptir öxlum yfir atburðum eins og innrás Tyrkja í Afrín, eða morðum Ísraelskra hermanna á palestínskum mótmælendum, eða vopnasölu og flutningum þvert á lög og reglur, þá eru skilaboðin þessi: Við viljum ekki stjórnmal, við viljum heldur dilla okkur í skjóli valdsins.